

Mál nr. 69/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar R

Bifreið skemmdist þegar hún ók ofan í holu á Hverfisgötu í Reykjavík 28.2.2016

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.7.3.2016 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags.27.8.2015 ásamt fylgiskjölum 1-5

Málsatvik.

M ók bíl sínum A eftir Hverfisgötu í Reykjavík í Reykjavík og lenti ofan í holu á götunni með þeim afleiðingum að olíupannan rifnaði af og stuðarasvunta brotnaði af og var billinn óökufær á eftir. M segir að engar merkingar hafi verið á götunni sem hafi gefið til kynna að gatan væri hættuleg, en hann hafi ekið á um 15 km.hraða. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu R hjá V og segir að holurnar sem um ræðir á Hverfisgötunni séu ekki nýkomnar og það viti allir og vonlaust sé að varast hættur eins og þessar við aðstæður eins og þær sem um var að ræða þegar M varð fyrir umræddu umferðaróhappi. Bréf V er dagsett 27.8.2015, en það er greinilega röng dagsetning þar sem m.a. er vísað til gagna sem eru dagsett í byrjun mars 2016. M hafnar bótaskyldu og segir ekki hægt að fella bótaskyldu á starfsfólk R nema það hafi sýnt af sér saknæma háttsemi. V segir að í umræddu tilfelli hafi starfsfólk R vitað af því að gatan var orðin slitin og illa farin á köflum og hafi því verið sett upp viðvörðunarskilti við verstu staðina nokkrum vikum fyrir umrætt tjón, en viðvörðunarskiltið sem sett hafi verið upp við þann stað þar sem tjón M varð hafi verið fært úr stað án vitundar starfsfólks R og hafi staðsetning skiltisins verið lagfærð í kjölfarið. Þá hafi starfsfólk R fylgst vel með götunni og verið að setja ofan í holur jafnskjótt og þeir urðu varir við þær. V segir að rík aðgæsluskylda sé lögð á ökumenn í 43 og 53. gr. vegalaga nr. 80/2007 og M sem sé búsettur á höfuðborgarsvæðinu megi gera sér vel grein fyrir eðli málsins. Loks segir V að í lögregluskýrslu komi fram að upphaf olíubrákar á götunni sé við hraðahindrun nokkuð frá umræddum holum sem M segist hafa ekið ofan í og þar sem M hafi ekki sýnt fram á hvar og hvernig olían lak frá vél A sé ekki hægt að staðfesta að tjónið hafi orðið með þeim hætti sem M heldur fram.

Álit.

Í málskoti kemur fram hjá M að holurnar á Hverfisgötu í Reykjavík séu ekki nýtilkomnar og það viti allir. M var samkvæmt því að eigin söng ljóst, að Hverfisgatan gat verið varasöm vegna þess að holur voru á malbikinu í götunni áður en hann hóf akstur sinn. Fallast má á það með M að ástand malbiks á Hverfisgötu eru slæmt og gatan varasöm. Starfsfólk R ber að það hafi reynt að bregðast við eins og kostur var og sett varúðarskilti á götuna og verið þess meðvitað að gatan væri varasöm. Ekkert í gögnum málsins bendir til annars en þær staðhæfingar sem R setur fram hvað þetta varðar séu réttar. Þegar framangreint er virt og einnig að M hefur ekki sýnt fram á með hvaða hætti og hvernig olía lak af bifreiðinni en olíuleka varð vart skv. lögregluskýrslu nokkru áður en M ók ofan í holur á götunni, verður ekki á það fallist að M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 19.4.2016.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.